

Þórhalla amma og Guðmundur afi – merkishjón frá

Kvíndisfelli í Tálknafirði

Það liggur svo vel við að hefja þessa samantekt um hjónin Þórhöllu Oddsdóttur og Guðmund Kristján Guðmundsson á orðum hennar ömmu, „Maður vann eins og verkin féllu til“. Amma sagði þetta svo oft við mig þegar við ræddum um fjölskyldulífið á Felli.

Amma Þórhalla var fædd 12. júlí 1898, d. 3. ágúst 1997, fæddist á Kleifastöðum. Foreldrar hennar voru Þuríðar Guðmundsdóttur sem starfaði sem ljósmóður og Oddur Magnússonar sem lærði við Búnaðarskólann. Amma átti sex alsystkini og ólst hún upp á heimili þar sem mikið var til af bókum og þær lesnar. Á þessum árum taldist ekki sjálfsagt að kunna að lesa og sögurnar því lesnar upphátt í baðstofunni á kvöldin og ræddar í þaula í kjölfarið. Þrátt fyrir miklar annir á heimilinu þá gáfu þau sér alltaf tíma til þess að setjast niður og lesa saman sagði amma mér og augljóst að henni þótti vænt um þessar stundir. Amma var að læra alla sína ævi, hvort sem það var nýtt tungumál, rækta nýjar grænmetistegundir eða læra nýjar þrjónauppskriftir en allt lék í höndunum á henni.

Ég á margar fallegar minningar um ömmu, enda var amma okkar góðhjörтуð, dugleg og útsjónarsöm manneskja. Hún var líka stjórnsöm, en með öll þessi börn þá hefur það örugglega komið henni langt í að halda góðum aga! Hún amma kvartaði aldrei þótt lífið hafi nú ekki alltaf verið auðvelt í sveitinni með fullt hús af börnum og með mikið á sinni könnu.

Mér eru svo minnistæðar allar heimsókninar til hennar á Hrafnistu, en þangað flutti hún árið 1974. Áður hafði hún búið hjá Magnúsi syni sínum og Dóru tengdadóttir sinni á Felli. Amma var alltaf að, þrjónaði, saumaði mikið og las dönsku blöðin. Meðal annars fengum við börn og barnabörn alltaf teppi í fæðingagjöf sem mörg lifa enn þann dag í dag. Amma tók oft í spil og spilaði brids við vini sína á Hrafnistu og var mikil keppnismanneskja. Amma var alltaf boðin og búin að hjálpa öllum, hvort sem það voru börnin, sveitungar eða aðrir sem þurftu á hjálpinni að halda. Aðstæður ömmu og afa voru auðvitað allt aðrar en þær sem við eigum að venjast í dag – að koma öllum þessum börnum til manns var ekki auðveld vegferð, enda engir ryksugu robotar og snjallheimili sem einfölduðu henni og þeim tilveruna.

Amma var alltaf glöð og kát, langaði að verða 100 ára en það gekk ekki eftir en mikið vorum við afkomendur hennar heppin að hafa haft hana hjá okkur og fá að kynnst henni. Hún amma mín hefði orðið 123 ára 12. júlí sl., hún var merkis kona sem ég bar mikla ást og virðingu fyrir.

Afi Guðmundur var fæddur 6. maí 1890, d. 6. júní 1967, hann fæddist í Stóra Laugardal og voru foreldrar hans Guðmundur Jóhannes Guðmundsson og Svanborg Einarsdóttir. Afi átti fjögur alsystkini. Amma og afi giftust árið 1915 en þá var afi búin að kaupa Kvígindisfell auk báts og búfenaðar. Jörðin þótti ekki stór en hún hafði verið í eyði í ár áður en afi keypti hana. Afi Guðmundur var stórhuga maður og átti sér alltaf stóra drauma. Hann var duglegur og útsjónasamur. Þegar leið á búskap afa og ömmu þá keypti þau hinn hlutann af jörðinni á Felli, sem gerði það að verkum að þau gátu ræktað tún og haft fleiri skepnur á beit og bústofninn stækkaði. Um svipað leiti þá voru ábúendur Krossadals að selja jörðina og hana keypti afi líka, enda stórhuga maður og ávalt að huga að beutilandi fyrir skepnur þeirra. Afi var ekki bara bóndi og sjómaður hann sinnti líka ýmsum störfum fyrir sveitina og starfaði meðal annars sem hreppstjóri um tíma. Fjölskyldan var honum afar kær og forgangsmál hjá honum að bæta aðbúnað og kjör fjölskyldunnar.

Amma var 17 ára þegar hún giftist afa, en hann gaf henni saumavél í morgungjöf. Saumavélina sem hún notaði mikið. Afi og amma ólust upp sem nágrennar enda einungis bæjarlækurinn sem skyldi uppeldis bæi þeirra að. Þau vissu því lengi af hvort öðru.

Amma og afi eignuðust alls sautján börn sem komust öll á legg og hafa átt farsælt og heilbriggt líf. Það var alls ekki sjálfgefið að geta átt öll þessi börn og hafa ofan í alla þessa munna. Amma og afi bjuggu í torfbæ fyrstu búskaparárin sín. Þá bjuggu foreldrar afa hjá þeim en langafi var orðinn lasin og gat ekki hugsað um sig sjálfur. Það var svo í kringum 1940 sem afi byggði íbúðarhúsið sem við flest munum eftir. Ég átti ekki kost á því að kynnast honum afa mínum þar sem hann féll frá í febrúar árið sem ég fæddist 1969.

Fjöldskyldan á Felli stóð saman, börnin unnu og tóku þátt í búskapnum og lífinu á bænum frá unga aldri. Þau eldri hjálpuðu og kenndu þeim sem yngri voru, hvort sem það var að elda, slá, þrjóna eða hirða túnin. Amma sagði mér oft sögur frá lífinu á Felli en eitt er mér sérstaklega minnstætt þegar hún sagði einu sinni við mig þessi orð, „Ef fjölskylda stendur alltaf saman er hægt að gera undramikið,“ en það voru ömmu orð. Orð sem eru svo mikið sönn og góð að hafa í huga.

Blessuð sé minning ömmu og afa!

Guðrún Þórhalla Helgadóttir